

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Eldisstöðin Ísþór hf.	12.11. og 18.11.20	Þorlákshöfn	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
660509-0380	3.6.19. undanþága í gildi til 1.4.21	Já	Landeldi, allt að 600 tonn árlega af laxa- og regnbogasilungs-seiðum

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Seiðaframleiðsla var tæp 515 tonn árið 2018 og tæp 450 tonn árið 2019. Aföll 2018 voru um 4,5 tonn og 10,6 tonn 2019. Þegar eftirlitið fór fram voru um 5,4 milljón seiða, 108,5 tonn í stöðinni.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Starfsleyfi rann út 3. júní 2019. Undanþága ráðherra var veitt til 1. júní 2020 og þann 13. maí sl. var aftur veitt undanþága sem gildir til 1. apríl 2021. Miklar framkvæmdir í gangi. Byggðu 12 ný 500 m ³ ker. Þegar stækkuð leyfi eru komin er áætlað að stækka frekar og bæta við í áföngum.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar á fóðrun og afföllum fara fram í FishTalk. Aðrar skráningar eru gerðar á blöðum og fært í tölvu.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Í lagi.
Grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Í lagi.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar,	X			Í gæðahandbók. Uppfærð viðbragðsáætlun v. slysasleppinga var send til Umhverfisstofnunar 16. nóvember sl.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Í lagi.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Í lagi.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Umhverfismarkmið eru til staðar. Whole foods vottun.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Í lagi. Nokkrar fóðurleifar sáust þó við útrás sem skv. rekstraraðila er óvanalegt og megi að mestu rekja til yfirfóðrunar eftir bólusetningu seiða á meðan þau jafni sig.
Er skráning á losun fosfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Mæla fosfór mánaðalega og köfnunarefni 1-2x á ári. Losun í kg/framleitt tonn var reiknuð út frá fóðurnotkun 2019 og skilað inn í ársyfirliti. Losun er innan marka starfsleyfis.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Engir aðskotahlutir, set eða útfellingar sáust. Engin lykt var né sást fiskur í frárennslis. Aðeins var af fóðurleifum en ekkert sem getur talist óeðlilegt, sjá ofar.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oph. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	X			Tromlusíur eru v. endurnýtingar vatns í 8 seiðakerjum. Engin önnur hreinsun er á frárennslis. Frárennslis klakhúss og flestra eldiskerja sameinast í eina útrás. Frárennslis 12 nýju kerjanna sameinast í aðskilda útrás.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Báðar útrásir renna út í sjó, sunnan við stöð, u.þ.b. 100-200 frá syðstu kerjum.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			X	Á ekki við.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Dauðfiskur og fastefni úr tromlusíum fór seinast til uppgræðslu lands, hafði verið urðað þar á undan. Fiskur sem er ekki sjálfdauður fer til Fiskafurðir umboðssala ehf., u.þ.b. 2 tonn á árinu 2020.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Í lagi. Vöktunaráætlun verður uppfærð í sambandi við útgáfu stærra starfsleyfis.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Í lagi.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.	X			COD og svifagnir voru mæld í frárennsli 13. nóvember sl. COD 138 mg/L og svifagnir 5 mg/L
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Fosfór verður mældur mánaðarlega í frárennsli en aðrar mælingar skv. vöktunaráætlun nýs leyfis eftir að það tekur gildi. Rekstraraðili tekur sýni og Sýni ehf. mælir.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Við eftirlit 2018 hafði verið brugðist við frávikum fyrri ára vegna vöktunaráætlunar, skil ársskýslna og græns bókhalds sem og mælinga á svifögnum og lífrænu efni. Sex ný frávik komu fram við eftirlit 2018 er vörðuðu áætlun um frágang v. rekstrarstöðvunar, skráningar, skil ársskýrslu og græns bókhalds ársins 2017, umhverfismarkmið, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar. Frávik er varðaði skil á neyðaráætlun v. óvæntrar rekstrarstöðvunar var ítrekað. Engar ábendingar voru gerðar.

2019 fór fram umsýslueftirlit þar sem ekki var farið í vettvangsheimsókn á árinu en úrbótaáætlun vegna frávika frá árinu 2018 var fylgt eftir og innsend gögn vegna ársyfirlits yfirfarin. Engar ábendingar voru settar fram og engin ný frávik komu fram á árinu 2019.

Samantekt:

Ekkert frávik kom fram við eftirlitið en tvær ábendingar eru gerðar.
Starfsleyfismál eru í farvegi og engin frávik eru opin frá fyrri eftirlitum.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

	<p>Snyrtileg stöð þar sem endurnýtning er á vatni í 8 startkerjum. Búið er að byggja stálgrindarhús yfir þau ker og koma upp bólusetningaraðstöðu þar inni. Skráningar eru í lagi.</p> <p>Mælingar eru gerðar á fosfór í frárennsli mánaðarlega vegna Whole foods vottunar.</p> <p>Þrír meltutankar eru á svæðinu og er meltu dælt á bamba þar sem hún er geymd þar til hún er sótt. Hún er nú nýtt til landgræðslu, en hún hafði áður verið urðuð. Fastefni úr tromlusíum var einnig nýtt í landgræðslu á árinu.</p> <p>Eitthvað af úrgangi er á svæðinu, m.a. vegna framkvæmda. Ábending er gerð sem snýr að því að huga að því að koma honum í endurvinnslu eða aðra förgun.</p> <p>Eftirlitsaðili bendir einnig á að framvegis skuli taka sýni frá báðum útrásum frárennslis vegna þeirra mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi.</p>
Annað:	Sjá eftirlitsskýrslu.

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Eldisstöðin Íspór hf Ölfusi



Dags eftirlits	18.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Eldisstöðin Íspór hf	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Nesbraut 25	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660509-0380	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Þórarinn Ólafsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram við eftirlitið en tvær ábendingar eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir. Farið var yfir gögn og áætlanir á fjarfundi þann 12. nóvember sl. Þann 18. nóvember sl. var farið í vettvangsferð og aðstæður á starfstöð, frárennsli o.fl. skoðað. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir seinustu eftirlitsskýrslur, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
- Undanþágur frá starfsleyfi og stækkun
- Umfang
- Skráningar og innra eftirlit sbr. gr. 3.1
- Gagnaskil
- Tilkynningar og viðbragðs- og neyðaráætlanir
- Umhverfismarkmið
- Frárennsli, hreinsun og mælingar
 - o Vöktunaráætlun
- Úrgangur, spilliefni og lyf
 - o Umgengni um mengandi efni
 - o Dauðfiskur
 - o Annar úrgangur
 - o Kvittanir og staðfesting förgunar
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð 884/2017

ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili bendir á að mikið er af úrgangi á svæðinu eftir framkvæmdir sem koma þarf í endurvinnslu/förgun.

Eftirlitsaðili bendir einnig á að framvegis skuli taka sýni frá báðum útrásum frárennslis vegna þeirra mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi.

ANNAÐ

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Farið var yfir áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um skráningar olúgeyma. Rekstraraðili sendi inn skráningar olúgeyma starfstöðvar þann 11. nóvember sl.

Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum, sem komu út þann 13. nóvember sl. voru sendar rafrænt í kjölfar eftirlits.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.11.2020

Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir